

komi þriggja daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Jónas Márússon, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 18.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 12. janúar 1979.

Nr. 228/1977. Ákæruvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

X

(Örn Clausen hrl.).

Ávana- og fikniefni. Ákæra um brot gegn lögum nr. 65/1974. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Vegna kröfugerðar þessarar koma

Því eigi til álita hér fyrir dómi brot þau, er ákærða eru gefin að sök undir 1. og 2. tl. ákæruskjals.

Ákærði hefur neitað öllum sakargiftum, svo sem í héraðs-dómi getur.

Um ákæruliði 3 og 4. Ákæruatriði þessi byggjast eingöngu á framburði D. Kveðst hann hafa selt ákærða fikniefni, hass og amfetamínduft, „speed“, haustið og um jólaleytið 1975. Gegn neitun ákærða er þetta ósannað. Verður hann því sýknaður af ákæru um brot þessi.

Allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir báðum dómum, samtals 100.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 16. júní 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 16. júní, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fikniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Arnari Guðmundssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 490/1977: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms sama dag.

SAKAREFNI.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 13. ágúst 1976, gegn X, . . . , fæddum . . . 1949 . . . , fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fikniefni:

„1. Haustið 1975 selt A 10 grömm af kannabisefni fyrir kr. 10.000.00 í áætlunarbifreið ákærða við Umferðarmiðstöðina.

2. Sumarið 1975 veitt B og C kannabisefni, sem þeir reyktu með ákærða í áætlunarbifreið í Skeifunni.

3. Í október- eða nóvembermánuði 1975 keypt kannabisefni af D.

4. Um sl. áramót keypt af fyrrnefndum D amfetamínduft í 3—4 skipti, 1—2 grömm hverju sinni, á kr. 10.000.00 grammíð.

Framangreindir verknaðir ákærða í ákæruliðum 1, 2 og 3 teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Verknaður ákærða í ákæru- lið 4 telst varða við 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, X, sem fæddur er í Reykjavík 15. febrúar 1949, er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1965 28/7 í Árnassýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlaga- brot.

1967 30/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1968 6/12 í Árnassýslu: Dómur: Varðhald í 3 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 4. mgr. 48. gr., 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 3. október 1967.

MÁLSATVIK.

Sunnudaginn 9. maí 1976, kl. 1620, mætti Arnar Guðmunds- son, fulltrúi hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sam- kvæmt boðun Arnar Höskuldssonar, rannsóknardómara hjá saka- dómi Reykjavíkur, í Síðumúlafangelsi til að taka afstöðu til fram- burðar A bifreiðarstjóra, sem þá áður hafði verið í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. A hafði tjáð sig í lögregluskýrslu um meint fíkniefnamisferli, og hófst þá dómsrannsókn. Í framhaldi af yfirheyrslu var A úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 2240 þetta sama kvöld, 9. maí, var D bifreiðarstjóri hand- tekinn af ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglunnar (ÁFD) og innan sólarhrings úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 0030 aðfaranótt 10. maí var B bifreiðarstjóri handtekinn af ÁFD og innan sólarhrings úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kl. 0040 aðfaranótt mánudags 10. maí var C bifreiðarstjóri

handtekinn af ÁFD og var í lögreglu- og dómsyfirheyrslum til kl. 1850 þann 10. maí.

Kl. 0115 aðfaranótt mánudags 10. maí var X bifreiðarstjóri handtekinn af ÁFD og var í lögreglu- og dómsyfirheyrslum til kl. 1945 þann 10. maí.

Peir A, D og B voru allir í gæsluvarðhaldi til 16. maí.

Í framburðum allra ofangreindra aðilja utan X kom fram, að þeir höfðu í töluverðan tíma átt saman í meðhöndlun fikniefna. X, ákærði í máli þessu, bar hins vegar alfarið á móti fikniefna-meðhöndlun, og breyttu samprófanir við féлага hans engu þar um.

Verður nú rakið það helsta, sem fram kom í sjálfstæðum framburðum hvers og eins aðilja í málinu, og einkum fjallað um það, sem snýr að ákærða í máli þessu, X.

A bar m. a. að hafa nokkuð meðhöndlað fikniefni frá vori 1975 og fram yfir áramót 1976. Hann bar að hafa m. a. gefið X að reykja og jafnframt fengið að reykja hjá honum. Einu sinni kvaðst hann hafa keypt efni af X, það hafi verið 10 grömm, fyrir 10.000 kr., af ljósu, grófu hassefni, sem X seldi A haustið 1975, og hafi afhending átt sér stað á BSÍ. A bar, að auk þess sem hann og X hafi oft reykt saman hass hafi X og D verið með speed svo nefnt um áramótin 1975/76.

Í framburði C kom m. a. fram, að hann kvaðst hafa vitað, að X hafi verið með hass, og taldi hann það komið frá D. Kvaðst C hafa reykt ásamt X og B í rútu X, sem staðsett var í Skeifunni sumarið 1975, og hafi X lagt til efnið. Þá hafði C eftir B, að X hafi verið með svokallað sniff.

Í framburði D kom fram, að í okt./nóv. keypti hann 80 grömm af dökku hassi af E á 800 kr. grammið. Efni þetta seldi hann með nokkrum hagnaði til ýmissa, m. a. 30 grömm A, en þess utan einnig B, C og X, en hann treysti sér ekki til að sundurgreina efnismagn á hvern þeirra þriggja.

Í framburði A um kaup af D kom fram, að hann kvaðst hafa keypt 20 grömm af dökku pressuðu efni af honum fyrir jólin 1975.

Í framburði C um kaup af D kom fram, að hann kvaðst einu sinni hafa keypt hassefni af honum, 5 grömm af dökku efni.

Í framburði B um kaup af D kemur fram, að hann staðfesti í sampröfun að hafa ásamt A keypt efni af D og fengið 10 grömm í sinn hlut.

D bar einnig, að um jólin 1975 hefði hann keypt speed af F, blandað það til helminga með kalki og selt m. a. X þrisvar til fjórum sinnum 1—2 grömm hverju sinni og G lítilræði, en þó gefið fleiri aðiljum, en hann tók sérstaklega fram, að hann hefði ekki gefið C, B og A, sem noti ekki þetta efni. G hefur staðfest speedkaup af D á þessum tíma.

Í framburði B kemur fram frekar en áður er rakið, að hann hafi reykt hassefni heima hjá D í ágúst/september með X. Þá kvaðst hann oft hafa reykt með D, A og X eftir þetta, en ekki vita til, að X hafi nokkurn tíma lagt fram efni.

Við yfirheyrslur neitaði X alfarið allri fíkniefnameðhöndlun, og samprófanir með öðrum aðiljum málsins breyttu þar um engu. Þann 28. júlí 1976 var X samprófaður með A, og báru þeir hvor um sig nákvæmlega eins og áður. Samprófun breytti engu. 29. júlí var X samprófaður með D, og báru þeir hvor um sig nákvæmlega sama og áður, og samprófun breytti engu.

Að lokinni þessari rannsókn 29. júlí 1976 voru gögn málsins send ríkissaksóknara til umsagnar. Með ákæruskjali, dagsettu 13. ágúst 1976, sendi ríkissaksóknari gögnin sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar. Ítrekaðar boðunartilraunir báru ekki árangur, og var það ekki fyrr en 3. júní 1977, að til X náðist, og var honum birt ákæran. Samkvæmt beiðni var honum skipaður hæstaréttarlögmaður Örn Clausen sem verjandi, og skilaði hann munnlegri vörn mánuð. 13. júní. Í varnarræðu lögmanns kom fram, að hann gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum ákæruatriðum og sér dæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins. Verjandi benti á, að ákærði hefði alla tíð frá frumrannsókn haldið því fram, að hann hefði aldrei meðhöndlað fíkniefni og samprófanir með þeim aðiljum, sem á hann hefðu borið, hafi engu breytt. Verjandi benti og á, að gegn eindreginni neitun ákærða væri ekki komin fram lögfull sönnun fyrir fíkniefnameðhöndlun ákærða og enda þótt aðiljar á hann beri, verði ekki séð, að tveir þeirra séu nokkurn tíma að tala um sama tilvikið.

NIÐURSTÖÐUR.

Verður þá tekin afstaða til ákæru.

Ákæruliður 1.

Undir þessum ákærulið er ákærða X gefið að sök að hafa haustið 1975 selt A 10 grömm af kannabis fyrir kr. 10.000 í áætlunar-

bifreið ákærða við Umferðarmiðstöðina. Þetta ákæruatriði er alfarið byggt á framburði A, en gegn eindreginni neitun ákærða X þykja ekki alveg nægileg rök til að byggja á sakfellingu, og verður ákærði X því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Ákæruáttur 2.

Hér er ákærða X gefið að sök að hafa sumarið 1975 veitt B og C kannabisefni, sem þeir reyktu með ákærða í áætlunarbifreið í Skeifunni. Þetta ákæruatriði er byggt á framburði C, en í framburði B kemur fram, að hann kveðst oft eftir ágúst 1975 hafa reykt með ákærða X, en aldrei vitað til þess, að X hafi lagt til efni. Í framburði B kemur ekki fram neitt þetta tiltekna tilvik í áætlunarbifreiðinni varðandi. Gegn eindreginni neitun ákærða X um þetta atriði verður ekki talið nægilega sannað, að X hafi þarna lagt til efni, og verður hann sýknaður af þessu ákæruatriði.

Ákæruáttur 3.

Hér er ákærða X gefið að sök að hafa í október eða nóvember 1975 keypt kannabisefni af D. Í gögnum málsins kemur fram, að í október 1975 keypti D 80 grömm af dökku hassi af E fyrir 800 kr. grammið. Efnið seldi hann með hagnaði til nokkurra nafngreindra aðilja, og hafa þeir allflestir staðfest, að svo hafi verið. M. a. kvaðst D hafa selt ákærða X, en treysti sér ekki til þess að fullyrða um efnismagn í því tilviki. Aðrir kaupendur af D voru m. a. B, A og C. Þessir piltar allir segjast hafa reykt kannabisefni með ákærða X. Í ljósi þess og að framburður D um sölu hassefna í lok árs 1975 hefur að mestu verið staðfestur, er engin ástæða til að ætla, að hann hafi sérstaklega þurft að bera rangt varðandi ákærða X, og þrátt fyrir staðfastlega neitun ákærða X um hasskaup af D í lok árs 1975 þykir óhætt að telja samkvæmt gögnum nægilega sannað, að viðskipti hafi átt sér stað, þó ekki verði sagt nákvæmlega til um efnismagnið.

Ákærði X telst þannig hafa unnið til sakar fyrir að hafa keypt kannabisefni af D í okt./nóv. 1975 og þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákæruáttur 4.

Undir þessum ákæruáttur er ákærða gefið að sök að hafa um

áramótin 1975 keypt af D amfetamínduft í þrjú til fjögur skipti, 1—2 grömm hverju sinni á kr. 10.000 grammið. D ber að hafa í nóvember 1975 keypt tugi gramma af amfetamíndufti af F, blandað efni til helminga með kalki og þannig dreift því til margra aðilja, bæði með og án gjalds. F var farinn til Bandaríkjana, er rannsókn máls þessa hófst, og hefur ekki komið hingað síðan. Í málinu er staðfest um kaup annars aðilja af fíkniefni þessu frá D. Þeir C og A bera báðir, að þeir viti til þess, að X hafi meðhöndlað speedefni, öðru nafni sniff, með D. D tók sérstaklega fram, að þeir C, A og B notuðu ekki þetta efni og hafi þeir þar af leiðandi ekki keypt neitt, og er það í samræmi við framburði þeirra þremminganna.

Samkvæmt ofansögðu hefur komið í ljós, að framburður D um dreifingu amfetamíndufts og meðhöndlun er trúverðugur að því leyti, að hann hefur að mestu verið staðfestur. Þykir því þrátt fyrir neitun ákærða X og með vísan til ofanritaðs nægilega sannað, að hann hafi um áramótin 1975/76 keypt af D amfetamínduft í þrjú til fjögur skipti, 1—2 grömm hverju sinni á kr. 10.000 grammið.

Ákærði X hefur þannig unnið til refsingar, sem, eins og í ákæru greinir, verður heimfærð til 3. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákærði X hefur ekki áður sætt kæru eða refsingum, sem hér skipta máli, og verður refsing hans fyrir ákæruatriði þau, sem greinir í 3. og 4. tölulið ákæru, metin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 sekt kr. 50.000 til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 141. gr. alm. hegningarlaga (sic) að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar kr. 30.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.

Dómsorð:

Ákærði, X, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talið málsvarnarlaun, kr. 30.000, til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.